

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 199. FUNDUR.

199. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 10. maí árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá sem 9. lið fjölgun dagvistarrýma við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga. Samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár.

### Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

1. **Fundargerð 745. fundar** frá 16. apríl s.l. Fundargerð í 11 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 9. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela fræðslu- og félagsmálastjóra í samvinnu við skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra og leikskólans Ásgarðs að vinna áfram að hugmyndum um fyrirkomulag skólamála í sveitarfélaginu.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 746. fundar** frá 23. apríl s.l. Fundargerð í 5 liðum. Borinn undir atkvæði 4. liður, tilboð í malbikunarframkvæmdir 2012, þar sem samþykkt er að taka lágsta tilboðinu sem er frá Hlaðbæ-Colas hf. samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 747. fundar** frá 7. maí s.l. Fundargerð í 6 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 4. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að óska eftir því við Mennta- og menningarmálaráðuneytið að Ríkiskaupum verði falið að auglýsa íbúðarhúsið að Kirkjuvegi 8 til sölu.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### Fundargerðir nefnda.

2. **Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 125. fundar** frá 2. maí s.l. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. **Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti**

**Fundargerð 132. fundar fræðsluráðs** frá 2. maí s.l. Fundargerð í 4 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. dagskrárlið. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela fræðslu- og félagsmálastjóra og skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra að semja drög að reglum sem taka tillit til álits fulltrúa Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands

íslenskra sveitarfélaga vegna seinkunar heimaksturs skólabarna. Reglunum verði vísað til afgreiðslu fræðsluráðs.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

#### 4. Fundargerðir landbúnaðarráðs, formaður kynnti.

**Fundargerð 112. fundar** frá 18. apríl s.l. Fundargerð í 3 liðum. Vegna 3. liðar fundargerðarinnar skýrðu sveitarstjóri og oddviti frá fundi sem þeir áttu með starfsmönnum Vegagerðarinnar, um umferðaröryggismál á Vatnsnesi. Sveitarstjórn samþykkir að formaður landbúnaðarráðs kynni niðurstöður þeirra viðræðna á næsta fundi landbúnaðarráðs. Framangreind bókun ásamt fundargerðinni í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 113. fundar** frá 2. maí s.l. Fundargerð í 3 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 1. dagskrárlið: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa drögum að endurskoðaðri fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 14. júní nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 2. dagskrárlið: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa drögum að samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 14. júní nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum  
Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 3a „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir tillögu landbúnaðarráðs um skiptingu fjárveitingar til viðhalds og endurnýjunar heiðagirdinga á árinu 2012.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 3c „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að banna upprekstur búfjár í Kirkjuhvammi sumarið 2012 þar til úttekt á gróðurfari og beitarþoli jarðarinnar hefur farið fram og gefnar hafi verið út dagsetningar um heimild til upprekstrar sauðfjár og hrossa. Sveitarstjórn samþykkir að áfram verði unnið að setningu reglna um upprekstur búfjár í Kirkjuhvammi.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

#### 5. Fundargerð menningar- og tómstundaráðs, oddviti kynnti.

**Fundargerð 105. fundar menningar-og tómstundaráðs** frá 16. apríl s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

#### 6. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

**Fundargerð 209. fundar** frá 3. maí s.l. Fundargerð í 7 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 1a „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa og kynna tillögu um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 vegna þjónustulóðar í landi Melstaðar í Miðfirði.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 1b „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa og kynna tillögu að deiliskipulagi þjónustulóðar í landi Melstaðar í Miðfirði.

Tillagan verði auglýst og kynnt samhliða tillögu um breytingu á aðalskipulagi vegna sömu lóðar.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 4 „Sveitarstjórn Húnaþings vestra staðfestir fyrir sitt leyti umsögn skipulags- og umhverfisráðs vegna fyrirspurnar Magnúsar F. Jónssonar f.h.

SKVH um mögulega breytingu á efri hæð húsnæðisins að Hafnarbraut 5 á Hvammstanga.“  
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 7 „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir vísa tillögu skipulags- og umhverfisráðs um breytingu á auglýsingu um umferð í Húnaþingi vestra til frekari skoðunar starfshóps um endurskoðun samþykta í kjölfar sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**7. Ársreikningur Húnaþings vestra og fyrirtækja árið 2011. Síðari umræða.**

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan ársreikning Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2011.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun: „Afkoma sveitarfélagsins, bæði aðalsjóðs og samstæðu, fyrir árið 2011 veldur áhyggjum þrátt fyrir að niðurstaðan sé mun betri en fjárhagsáætlun ársins hafði gert ráð fyrir. Niðurstaða aðalsjóðs er neikvæð um kr. 21,0 millj. en hafði verið áætluð neikvæð um 32,6 millj. kr. Niðurstaða samstæðu A og B hluta er neikvæð um kr. 56,3 millj. en hafði verið áætluð neikvæð um kr. 80,7 millj. Rekstrartekjur voru rúmum 50,0 millj. kr. hærri en ráð var fyrir gert en rekstargjöld rúmlega 41,0 millj. kr. hærri. Í því sambandi vega breytingar á kjarasamningum vegna launa- og launatengdra gjalda um kr. 20,0 millj. Varðandi tekjuaukninguna munar mestu um hækkun á framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en það var rúmum kr. 30 millj. herra en ráð var fyrir gert. Aðgerða er lúta að hagræðingu og sparnaði ber að leita eins og frekast er kostur og mikilvægt er að áfram verði gætt aðhalds í rekstri sveitarfélagsins þrátt fyrir að fjárhagsstaða þess sé traust. Samkvæmt viðmiði Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga hefur nefndin afskipti af þeim sveitarfélögum þar sem hlutfall skulda og skuldbindinga af samanlögðum tekjum A- og B hluta er umfram 150%. Í Húnaþingi vestra er þetta hlutfall 89,4% skv. ársreikningi 2011. Mikilvægt er að formgera reglur um innra eftirlit með fjármálum sveitarfélagsins svo virkja megi betur skyldur starfsfólks og kjörinna sveitarstjórnarmanna samanber ákvæði sveitarstjórnarlaga.“

**8. Ársreikningur Bæjarhrepps og fyrirtækja árið 2011. Síðari umræða.**

Lögð fram eftir eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan ársreikning Bæjarhrepps og fyrirtækja fyrir árið 2011.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi bókun: „Afkoma sveitarfélagsins, bæði aðalsjóðs og samstæðu, fyrir árið 2011 er neikvæð. Niðurstaða aðalsjóðs er neikvæð um kr. 11,0 millj. en hafði verið áætluð neikvæð um kr. 5,7 millj. Niðurstaða samstæðu A og B hluta er neikvæð um kr. 13,4 millj. en hafði verið áætluð neikvæð um kr. 1,5 millj. Rekstrartekjur voru rúmum 1,7 millj. kr. hærri en ráð var fyrir gert en rekstargjöld rúmlega 7,0 millj. kr. hærri. Samkvæmt viðmiði Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga hefur nefndin afskipti af þeim sveitarfélögum þar sem hlutfall skulda og skuldbindinga af samanlögðum tekjum A- og B hluta er umfram 150%. Í Bæjarhreppi er þetta hlutfall 35,1% skv. ársreikningi ársins 2011. Innanríkisráðuneytið staðfesti þann 20. desember 2011 sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra sem samþykkt var í almennum kosningum þann 3. desember 2011 og tók sameining sveitarfélaganna gildi þann 1. janúar 2012. Samanber framangreint verður ársreikningur ársins 2012 lagður fram fyrir hið sameinaða sveitarfélag Húnaþing vestra.“

**9. Fjölgun dagvistarrýma við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga.**

Lögð fram eftirfarandi bókun sem samþykkt var samhljóða með 7 atkvæðum.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra fagnar ákvörðun velferðarráðherra, Guðbjarts Hannessonar um fjölgun dagvistarrýma við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga úr 3 í 5. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur um árabíl óskað eftir því að dagvistarrýmum fyrir aldraða í sveitarfélaginu verði fjölgað m.a. til að gefa öldruðum færi á að dvelja lengur á eigin heimili. Þess vegna er sérlega ánægjulegt að þetta brýna hagsmunamál hafi fengið farsæla úrlausn.“

Fundargerð upplesin samþykkt.

Fundi slitið kl: 17:50

\_\_\_\_\_  
Leó Örn Þorleifsson.

\_\_\_\_\_  
Stefán Böðvarsson.

\_\_\_\_\_  
Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

\_\_\_\_\_  
Elín Jóna Rósinberg.

\_\_\_\_\_  
Ragnar Smári Helgason.

\_\_\_\_\_  
Elín R. Líndal

\_\_\_\_\_  
Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

\_\_\_\_\_  
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri